




Óvenjulítið innrennsli í lón og óhagstætt tíðarfar

Horfur í vatnsbúskap Landsvirkjunar hafa farið versnandi síðustu vikur vegna sögulega lítils innrennslis í Þórisvatn og Blöndulón og óvenjulega óhagstæðs tíðarfars að undanfögnu með ríkjandi norðaustanáttum, kulda á hálendinu og lítilli úrkomu á lykilsvæðum. Vatnsárið í fyrra var næst versta vatnsár í sögu Landsvirkjunar vegna úrkomuleysis og kulda á hálendinu síðasta vor og sumar og ekki náðist að fylla öll lón haustið 2013. Yfirstandandi vatnsár stefnir mögulega í að vera jafn slæmt.

Eins og komið hefur fram hefur viðskiptavinum í stóriðju og heildsölu verið tilkynnt um skerðingar á raforkuafhendingu í samræmi við samninga. Áætlanir hafa gert ráð fyrir að draga í heild úr orkuafhendingu sem nemur 260 GWst eða um 2% af orkuvinnslu Landsvirkjunar.

Landsvirkjun endurmetur nú skerðingarþörf raforkuvinnslu vegna þessara óvenjulegu aðstæðna.

Miðlunarforði Landsvirkjunar



Á myndinni má sjá stöðu miðlunarforða Landsvirkjunar það sem af er vetri (rauð lína) í samanburði við þróun miðlunarforðans á síðasta ári (brötin lína). Í bakgrunni er spá sem var gerð 1. október 2013 um mögulega þróun miðlunarstöðu út frá sögulegu innrennsli í lónin frá 1950. Þau eru flokkuð í þurr ár, meðalár og blaut ár.


Rennsli í Tungnaá komið niður fyrir sögulegt lágmark og rennsli í Blöndu og efri hluta Þjórsár nálægt sögulegu lágmarki

Á bráðum 50 ára langri starfstíð Landsvirkjunar hefur byggst upp haldgóð þekking á rennsli þeirra fallvatna sem fyrirtækið nýtir. Vitað er að rennsli þeirra er breytilegt frá ári til árs og stöðugt er fylgst með því hvernig eðli ána breytist með breytingum í veðurfari.

Í áætlunum fyrirtækisins er miðað við sögulegar upplýsingar um rennsli síðustu 55 árin að teknu tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á veðurfari vegna hlýnunar loftlags. Undanfarin 10 ár hefur óvenju hátt hlutfall ára verið með innrennsli ofan meðallags og einungis eitt ár, árið í fyrra, með rennsli langt undir meðallagi. Í fyrra var rennsli mjög nálægt lægstu spám og náði hvorki Blöndulón né Þórisvatn að fyllast.



Innrennsli það sem af er vetri hefur verið afbrigðilegt. Rennsli í Tungnaá hefur verið minna en finna má í mælingum síðustu 55 árin og einnig er rennsli í Blöndu nálægt sögulegu lágmarki.



* Miðað við að rennsli það sem eftir lífi árs sé í samræmi við rennsli það sem af er ári.

Óhagstætt tíðarfar

Tíðarfar á yfirstandandi vetri hefur verið mjög óhagstætt. Í febrúar var tíðarfar óvenjulegt, eins og lesa má um á vef Veðurstofu Íslands. www.vedur.is/um-vi/frettir/nr/2843 Óvenjueindregin austan- og norðaustanátt var ríkjandi í mánuðinum. Úrkomu var langt undir meðallagi um landið vestanvert og sérlega þurr inn til landsins á Norðurlandi vestanverðu. Febrúar var víða hinn þurrasti um áratugaskeið, til dæmis í Reykjavík frá 1966.

Það eru fleiri en Íslendingar sem hafa upplifað sérstætt tíðarfar og fréttir að veðri víða um heim verið áberandi. Sem dæmi má nefna fátíða þurrka á vesturströnd Bandaríkjanna og kulda sem lagst hafa yfir nær öll önnur svæði Bandaríkjanna og einstaklega votviðrasaman vetur á Englandi þar sem rigningarmet eldri en 250 ára hafa verið slegin á einstaka svæðum.

Sameiginlegt hagsmunamál allra að tryggja öruggan rekstur til langs tíma

Nú sem áður er lögð áhersla á örugga afhendingu raforku til langs tíma og aðgerðir Landsvirkjunar munu taka mið af að innrennsli verði samkvæmt lægstu spám þrátt fyrir að margt bendi til þess að ástandið gæti verið að breytast. Vonast er til að það rætist úr veðrinu, kröftugar lægðir gangi yfir landið með hlýindum og úrkomu þannig að mögulegt sé að aflétta skerðingum.

Sveigjanleiki skilar sér í lægra orkuverði

Rafmagn á Íslandi er að mestu unnið í vatnsaflskerfi án tenginga við önnur lönd. Um sjötíu og fimm prósent af allri raforkuvinnslu er með vatnsafl, sem er mjög háð afrennsli af þeim vatnasviðum sem virkjanirnar nýta. Rennslið er sveiflukennt, bæði á milli árstíða en einnig á milli ára. Miðlunarlón eru nýtt til að jafna sveiflur innan ársins en eru að jafnaði ekki nægilega stór til að jafna sveiflur á milli ára. Þar er gripið til umsamins sveigjanleika í afhendingu á orku og eru flestir viðskiptavinir Landsvirkjunar með slíka samninga. Stórnotendur, eins og til dæmis álverin eru með um 10% af sínum samningum sveigjanlega og síðan eru fjarvarmaveitur sem hafa tvöfalt kerfi, geta hitað vatnið með olíubrennurum ef raforkan er skert.

Ef engir slíkir sveigjanlegir samningar væru fyrir hendi þyrfti að hanna kerfið með þeim hætti að afhending orku væri tryggð í öllum árum, einnig vatnsminnstu árunum jafnvel þó þau séu fátíð. Slíkt kerfi yrði talsvert dýrara á hverja orkueiningu og í flestum árum myndi



vatn renna framhjá virkjunum ónýtt. Kaupendur orkunnar fá þannig lægra orkuverð í staðinn fyrir óhagræðið af því að hafa ákveðinn hluta orkunnar sveigjanlegan.

Á vefsíðu Landsvirkjunar er hægt fylgjast með vatnshæð Blöndulóns, Þórisvatns og Háslóns frá degi til dags: www.landsvirkjun.is/Rannsoknirogthroun/Voktun

Sjá einnig fréttir á vef Landsvirkjunar:

Tilkynnt um mögulega orkuskerðingu til stórnotenda, 16. janúar 2014

www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/fjolmidlatorg/frettir/frett/tilkynnt-um-mogulega-orkuskerdingu-til-stornotenda

Tímabundin skerðing á skerðanlegri raforku, 26. febrúar 2014:

www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/fjolmidlatorg/frettir/frett/timabundin-skerding-a-skeranlegri-raforku